



## Formaður Iðjubjálfafélags Íslands Framtíðaráherslur og markmið

Auka þjónustu við félagsmenn IPÍ  
Hærri laun og betri líf skjör iðjubjálfa  
Gera iðjubjálfun sýnilegri  
Efla fræðslu og menntun til félagsmanna

Sigurbjörg Hannesdóttir heiti ég og er í framboði til formanns Iðjubjálfafélags Íslands. Ég er með átján ára reynslu sem iðjubjálfi og hef unnið mest í öldrunargeiranum. Síðastliðin 15 ár hef ég starfað á Hrafnistu þar sem ég var fyrsti iðjubjálfinn sem hóf störf á heimilinu. Mikil stefnumótandi vinna hefur farið fram síðastliðin 15 ár sem fólst í að byggja upp deild iðjubjálfunar. Í dag er iðjubjálfun á öllum Hrafnistuheimilunum og því er ég afar stolt af. Iðjubjálfun er komin til að vera á öldrunarheimilum.

Ég bauð mig fram í stjórn IPÍ nokkrum árum eftir útskrift og var ritari stjórnar frá 2004 og einnig tengiliður í kjaranefnd. Ég bauð aftur fram krafta mína í stjórn 2014 sem varamaður og varð svo varaformaður 2016. Þar hef ég unnið náið með stjórn og formanni að stefnumótun félagsins, faglegri þróun, aðstoðað við daglega starfsemi félagsins, átt farsælt samstarf við BHM og aðrar fagstéttir, unnið í erlendu samstarfi, unnið í kjarmálum og fjölmargt fleira.

Við þetta hef ég öðlast innsýn sem ég vil gjarnan nýta í starfi sem formaður IPÍ. Formaður vinnur ekki einn, hann vinnur með öllum félagsmönnum. Félagið okkar er í mikilli þróun sem ég vil gjarnan taka þátt í. Í félaginu er mikið af hæfileikaríku fólki og margir sitja í nefndum þar sem allir eru að gefa dýrmætan tíma af sínu lífi til að gera félagið sterkara. Mikilvæg vinna fer fram í nefndum og stjórn og eykst hún með hverju ári. Það er mikill styrkur að félagið sé komið það langt að það geti verið með formann í fullu starfi. Hins vegar gefa fjölda margir iðjubjálfar sína vinnu dags daglega í þágu félagsins og það er mikilvegasti parturinn.

Það er mitt markmið í samvinnu við ykkur að gera líf félagsmanns IPÍ ennþá betra, að þið fáið hærri laun og betri líf skjör. Iðjubjálfafélagið er í mikilli þróun og mikilvægt að fjölga iðjubjálfum í stéttinni svo verðum stærra og öflugra félag.

### Auka þjónustu við félagsmann IPÍ

IPÍ er til staðar fyrir þig, til að hjálpa þér í þínu starfi dags daglega. Til að fræða og styrkja þig faglega. Til að bæta líf skjör þín. Til að hjálpa þér með stofnanasamninga, launaviðræður og samtal við vinnuveitendur eða stofnanir. Allir eiga að upplifa það að IPÍ sé til staðar fyrir sig. En ég vil heyra hvað þér finnst að félagið eigi að gera. Ég tel að næstu árin eigi IPÍ eftir að verða mun sterkara og við þurfum þína aðstoð og þekkingu við það. Iðjubjálfar eiga það sameiginlegt að vera mjög stolt stétt. Við erum stoltir iðjubjálfar og viljum starfa víða í samfélaginu. Það passar mjög vel við þau orð sem félagsmenn völdu sjálfir á framtíðarþingi sem haldið var 2014. Fagmennska – Framsækni – Áhrifamáttur. Vel valin orð sem lýsa iðjubjálfun og IPÍ. Ég vil halda áfram þeirri vinnu sem þegar er hafin hjá félaginu að grafa dýpra í hvaða merkingu þessi orð hafa fyrir félagið. Vinna með grunnildi iðjubjálfunar. Gera þau sýnilegri félagsmönnum og samfélaginu.

### Hærri laun og betri líf skjör iðjubjálfa

Mikilvægt starf fer fram í kjaranefnd félagsins og þar er að mörgu að hyggja. Verkefni eru fjölmörg og það þarf að leggja mikla áherslu og vinnu í kjaramál næstu árin. Ekki einungis kjaraviðræður heldur einnig í að uppfæra stofnanasamninga, auka samvinnu við sveitarfélög varðandi starfsmat, svara fyrirpurnum félagsmanna, heimsóknir á vinnustaði iðjubjálfa og margt fleira. Vinnuumhverfi er öllum mikilvægt og hraðinn í samfélaginu er að fara úr böndum. Við þurfum sem stétt að stoppa við og líta í eigin barm. Er jafnvægi í daglegu lífi hjá rmér? Ipí þarf að styðja meira við félagsmenn í að styrkja sjálfan sig, sporna við kulnun og vinna gegn vanmætti.

## **Gera iðjubjálfun sýnilegri og auka áhrifamátt okkar sem fagstétt**

Stjórn ÍPÍ hóf markaðsátak 2018 og lagðir voru fjármunir í að búa til myndbönd með viðtölum við iðjubjálfa. Þessari flottur vinnu þarf að halda áfram og iðjubjálfun verður að vera sýnilegri. Við verðum að gera yfirvöldum ljóst að aukin iðjubjálfun í samfélaginu myndu hjálpa við að leysa ýmsar áskoranir sem við stöndum frammi fyrir dags daglega. Það myndi spara samfélaginu fjármuni. Við öll verðum að auka greinaskrif í fjölmiðla og fræða nánasta umhverfi um mikilvægi iðjubjálfunar. Einstaklingar vilja vera sjálfbjarga í daglegu lífi á sínum forsendum. Við iðjubjálfar erum með verkfæri sem geta styrkt einstaklinginn í þeirri vegferð. Iðjubjálfar vita hversu mikilvæg lífsgæði eru, en allt á forsendum einstaklingsins ekki samfélagsins.

## **Efla fræðslu og menntun til félagsmanna**

Efla þarf fræðslu í félaginu og félagsmenn eru mjög öflugir í að nýta sér það sem er í boði. Við þurfum að gera enn betur og ef ég verð formaður þá mun ég leggja áherslu á aukið samstarf milli stjórnar og fræðslu- og kynningarnefndar. Nefndirnar eru tvær, önnur á höfuðborgarsvæðinu og hin á Norðurlandi. Einnig myndi ég auka samstarfið við Háskólann á Akureyri við nám í iðjubjálfunarfræðum. Þar liggja mörg tækifæri sem ekki hefur náðst að nýta eins og til dæmis aukið samstarf vegna markaðsetningar fagsins og námsbrautar, fá fleiri nema í námið og gera iðjubjálfun sýnilegri fyrir einstaklinga sem eru í leit af námleiðum. Halda þarf fleiri kynningarfundir fyrir nýnema og á vettvangi háskólasamfélagsins.

## **Takk!**

### **Þinn stuðningur er það sem ég þarf og væri mikilvægur fyrir mig**

ÍPÍ er fagstéttarfélag sem þjónar margþættu hlutverki eins og að gæta hagsmuna iðjubjálfa og efla samvinnu og samheldni innan stéttarinnar. Félagið stuðlar að bættri menntun og aukinni faglegru vitund iðjubjálfa. ÍPÍ stendur vörð um gæði iðjubjálfunar á Íslandi og eflir þróun fagsins. Einnig er alþjóðlegt samstarf mikilvægt, félagið fylgist með og tekur þátt í alþjóðastarfi, sér í lagi á Norðurlöndum og það hefur gengið mjög vel. Félagið kynnir menntun og störf iðjubjálfa og stuðlar að betra heilbrigði landsmanna. Allt það góða og frábæra starf sem farið hefur fram í ÍPÍ síðustu áratugi og sú ómælda vinna iðjubjálfa í félaginu er einstök. Ég hef verið þátttakandi í því starfi ásamt fjölmörgum öðrum og við halda því áfram.

Rafrænar kosningar fyrir alla atkvæðisbæra félagsmenn fara fram dagana 4.-8.febrúar. Sendur verður tölvupóstur frá fyrirtækinu Outcome á félagsmenn með atkvæðaseðil.

Ég væri afar þakklát fyrir þinn stuðning! Ef þú ert með spurningar eða vilt ræða við mig um áherslur mínar þá endilega hafðu samband í síma 6916280 eða senda mér póst á [sibba32@hotmail.com](mailto:sibba32@hotmail.com). Einnig væri frábært ef ég fengið að koma í heimsókn á vinnustað þinn til að kynna mig nánar og fá tækifæri til að hitta ykkur.

Ég hvet alla iðjubjálfa til að nýta sér kosningarrétt sinn og kjósa sinn formann.

Virðingafyllt  
Sigurbjörg Hannesdóttir  
Iðjubjálfi

